

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Apríl 2008

Hlíðarvatn í Selvogi:

Málið að koma henni niður!



Miðvikudagskvöldið 2. apríl var haldin í Árósum kynning á Hlíðarvatni. Varla þarf að kynna vatnið fyrir veiðimönnum en í ljósi misjafna aflabragða er ágætt að staldra við og spyrja hvort menn séu hreinlega að gera einhverja vitleysu þegar þeir reyna við bleikjuna í vatninu.

Aðalræðumenn kvöldsins voru þeir Ásgeir Ásgeirsson og Stefán B. Hjaltsted, og byrjaði Stefán á því að lesa lýsingu á Hlíðarvatni upp úr Stangveiðihandbókinni eftir Eirík St. Eiríksson. Það er skoðun Stefáns að menn ættu e.t.v. að leggja flotlínurnar og ofurlöngu taumana á hilluna þegar Hlíðarvatn er annars vegar. Segir hann sem dæmi því til stuðnings að 13. ágúst í fyrra hafi hann veitt heilan dag í Hlíðarvatni með flotlínu og fengið fjórar bleikjur sem honum fannst

lítið. Hann hugsaði talsvert um það hvað hann hefði gert rangt og þegar honum bauðst að fara aftur 3–4 dögum síðar, í mjög svipuðu veðri, ákvað hann að nota aðferðina sem þeir Kolbein Grímsson beittu alltaf í gamla daga, nefnilega að beita hægtisökkvandi línu og hafa ekki meira en stangarlengd af taumi. Er skemmt frá því að segja að þá krækti Stefán í 17 bleikjur sem hann telur til marks um að það þurfi að koma flugunni betur niður og leyfa henni að vera þar, því þótt menn noti flotlínu og afar langan taum þá slysast þeir gjarnan til að draga of hratt og hífa þannig fluguna upp úr djúpinu.

Aðrir sem miðluðu af þekkingu sinni á vatninu þetta kvöld voru til að mynda Óli skeggur, Árni Árnason frá Stakkavíkurfélaginu og Stefán Eiríksson. Spruttu fjórugar

umræður um hvar best væri að vera í vatninu og á hvaða tíma eigi að vera í Botnavík, Skollapollum, Stakkavík eða öðrum stöðum.

Að umræðum loknum lagði Ásgeir fram tölfræði sem sýnir minnkandi veiði í Hlíðarvatni síðastliðin ár. En hver veit nema árið í ár verði árið sem veitir veiðimönnum metafla? Vil ég óska mönnum góðar skemmtunar í veiðiferðum sumarsins!

Kveðja # 716

p.s. Munið Hlíðarvatnshreinsunina helgina 26. og 27. apríl. Þá ætla Stefán Bjarni Hjaltsted að labba með mönnum að veiðistöðum við vatnið og leiðsegja þeim þegar hreinsunarstörfum lýkur.

Viðtal við Ármann nr. 362 um vorfagnað, Hlíðarvatn og galdurin við að vinna í happdrætti



Gísli J. Helgason, Árnaður nr. 362

Á vorin koma Ármenn saman til að ná úr sér hrollinum eftir veturinn og efla veiðihug. Og nú er vorfagnaðurinn framundan. Kaffi og kökur eru á boðstólnum en mesta spennan er bundin við happdrættið. Samkvæmt venju verða í boði glæsilegir vinnningar frá flestum eða öllum veiðibúðum bæjarins. Húsnefnd Árósa er þessa dagana á þönum við að afla vinninga og undirbúa fagnaðinn. Einn þeirra er Gísli J. Helgason. Hann hefur stundum þótt sópa til sín vinningum umfram aðra menn á vorfagnaði félagsins svo Áróður tók hann tali til að spyrja um hver væri galdurinn við að vinna í happdrættinu.

Er það rétt Gísli að gárungarnir í félaginu kalli þig Happa-Gísla?

Það er ekki útlokað, segir Gísli og hlær, ég hef stundum unnið. Ég skal bara segja þér hvað ég geri.

Ég mæti tímanlega og kaupi miða, en ekki alla í einu, kaup frekar oft og dreifi þannig áhættunni. En ég hef það fyrir reglu að kaupa aldrei fyrir minna en fimm þúsund. Sumir feila nefnilega á því og skilja svo ekkert að ég skuli fá fleiri vinninga en þeir. Það gefur nefnilega góða möguleika og fyrir þann pening má fá marga miða.

Hver er hugmyndin með vorfagnaði Ármanna?

Þetta er gömul hefð hjá félaginu og tíðkaðist þegar ég gekk í félagið fyrir aldarfjórðungi eða svo. Ég lenti snemma í stjórn, þá var Sigurður Benjamínsson formaður, og síðan fór ég í húsnefnd og hef verið í þessum undirbúningi síðan. Það veitir ekki af að hvetja mannskapinn á vorin, sérstaklega síðari árin, það er eins og menn séu daufari en áður var. Það var náttúrlega alveg sérstakt þegar við vorum að safna

fyrir húsinu, þá lögðust allir á eitt og við hnýttum og seldum flugur til að hafa upp í kostnaðinn.

Nú komum við saman til að fagna vori og gera klárt fyrir úthaldið, tökum fjölskylduna með, drekkum saman kaffi og hleypum spennu í mannskapinn. Ekki er ósennilegt að einhver flytji góða hugvekju.

Hvernig gengur undirbúningur vorfagnaðarinnar að þessu sinni?

Þetta hefur alltaf gengið vel og ég held að vinningum fari bara fjölgandi. Allar veiðibúðirnar gefa – undantekningarlaust. „Stærstu“ vinningarnir eru án efa Stjörnu-steinskassarnir. Stjörnusteinnur gefur kassa undir aflann og hver veit nema húsnefndin laumi einhverjum glaðningi í þá. Þetta verður veglegt happdrætti, engin núll og aðeins dregið úr seldum miðum. Vinningslíkurnar hafa sennilega aldrei verið betri. Ólafur Óskar Jónsson mun

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport,
Veiðihöllin og Veiðiportið

Akureyri: Hornið

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is



stýra þessu af mikilli röggsemi. Hann er sannkallaður stjórnandi hann Óskar, mjög röggSAMUR.

Ert þú jafn heppinn við veiðar og í happdrættum, Gísli? Hvaða fluga er happflugan þín?

Ekki veit ég það nú. Ég gekk í Ármenn upphaflega til að geta veitt í Hlíðarvatni og það er enn aðalveiðistaðurinn. Ég veiði mest á Peacock nr. 12, bæði með og án kúlu, hnýti hann frekar þykkar og með rautt við hausinn. Hann er oft sívalur hjá mér en á víst að vera vindillaga. Ég fer oft, mest í júlí og ágúst, fór til dæmis fjórum sinnum í fyrra, en í ár er fyrsta ferðin hjá mér í júní. Í gamla daga veiddist mikið í september. Þá dróst fiskurinn saman í torfur og ef torfa fannst þá stóðu menn bara öxl í öxl og veiddu. Þá tók geldfiskurinn grimmt en hrygningafiskur lítur ekki við flugunni á þeim tíma. Svo komst lax í vatnið þegar fiskeldið var og hann truflaði líklega silunginn þegar leið á haustið.

Hvað viltu segja við Ármenn að lokum?

Ég hvet alla Ármenn til að mæta á vorfagnaðinn. Hann verður glæsilegur eins og undanfarin ár og það geta allir unnið. Ég vil líka þakka öllum þeim sem styrkja okkur. Án velvilja þeirra í garð Ármanna væri þetta ekki mögulegt.

B.Sig. skráði

Munið vorblótið á laugardag!

Hið árlega og bráðskemmtilega vorblót Ármanna verður haldið laugardaginn 19. apríl kl. 14.00 í Árósum. Á dagskránni er happdrættið sívinsæla þar sem margir eigulegir vinningar eru í boði (sjá viðtalið hér til hliðar), líklegt er að einhver segi stutta veiðisögu úr pontu og boðið verður upp á kaffiveitingar.

Fjölmönnum og höfum alla fjölskylduna með!

- Stjórnin



Mikið úrval af fluguhnýtingarefni sérvalið fyrir ÁRMENN
15% áfsláttur gegn framvísun félagskírteinis

Réttu græjurnar...

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins
Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Símar 551 6770 & 553 3380
Fax 581 3751 vesturröst@vesturröst.is

ROYAL WULFF
Flugfjötur



T
TICOR REELS



ORVIS

CLASSIC
We Clean Your Gear

Abu Garcia



FLADEN
Alla tæki á staði



www.vesturröst.is

Helstu liðir vetrardagskrár 2008

Laugardag 19. apríl kl. 14.00
Vorblótið

Laugardag og sunnudag
26. og 27. apríl: Hlíðarvatnshreinsun.

Stefán Bjarni Hjaltsted labbar með áhugasömum að helstu veiðistöðum og leiðsegir þeim að hreinsunarstörfum loknum.

Öll virk mánudagskvöld kl. 20:00-22:00
Skegg og skott

Hvergi meira úrval
af vönduðum
veiðibúnaði



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 - Sími 517 8050



VEIÐIHORNID
Síðumúli 8 - Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is